

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, miðvikudagur, 6. mars 2024
UST202402-433/G.S.O.
05.00

Efni: Samráðsgátt - umsögn - Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um velferð dýra

Vísað er til bréfs dags. 27. febrúar 2024 þar sem Matvælaráðuneytið sendi Umhverfisstofnun drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 o.fl. til umsagnar, mál nr. 54/2024.

Í 4. gr. frumvarpsins hafa verið lagðar til breytingar sem eru til þess fallnar að skýra gildandi ákvæði um hjálparskyldu. Auk þess eru lagðar til breytingar í 11. og 12. gr. sem bregðast við því ástandi þegar dýrum hefur verið bjargað á grundvelli hjálparskyldu. Þannig er lagt til að Matvælastofnun fái heimild til að veita undanþágu frá banni við að sleppa dýrum, sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna, m.a. þegar um er að ræða villt dýr sem hafa notið aðstoðar á grunni hjálparskyldu. Einnig að Matvælastofnun geti veitt heimild til að halda villt dýr t.d. þegar um er að ræða dýr sem eru komin í hald vegna hjálparskyldu. Báðar heimildirnar krefjast umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun telur að um mjög jákvæðar breytingar sé að ræða og að þörf hafi verið á þeim. Stofnunin tekur auk þess vel í þau umsagnarhlutverk sem henni hefur verið falin í frumvarpinu.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund Matvælaráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllt,

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson,
sérfræðingur